

Fundur í fræðslunefnd Langanesbyggðar haldinn í á skrifstofu Langanesbyggðar 19. apríl 2013 og hófst kl 12:00

Mættir: Siggeir Stefánsson, Kristinn Lárusson, Ólöf Arnmundsdóttir, Ólína Ingibjörg Jóhannesdóttir, Halldóra Jóhanna Friðbergsdóttir, Axel Jóhannesson og Sigríður Jóhannesdóttir sem ritaði fundargerð.

Siggeir setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

Dagskrá:

1. Reglur um inntöku barna í leikskóla Langanesbyggðar

Halldóra kynnti að það hafa engar formlegar reglur verið til fyrir leikskólann einungis leiðbeinandi reglur í foreldrahandbók og á fleiri stöðum. Halldóra fór yfir drög að reglum um inntöku barna í leikskóla Langanesbyggðar. Einstaka atriði rædd og gerðar smávægilegar breytingar. Fundarstjóri bar drögin að reglunum undir fundarmenn. Samþykkt samhljóða að mæla með þessum reglum við sveitarstjórn.

2. Reglur um niðurgreiðslur daggjalda vegna dagvistunar á einkaheimilum.

Sigríður kynnti fyrirleggjandi drög að reglum um niðurgreiðslur daggjalda vegna dagvistunar á einkaheimilum. Reglurnar ræddar og smávægilegar breytingar gerðar. Fundarstjóri bar drögin að reglunum undir fundarmenn. Samþykkt samhljóða að mæla með þessum reglum við sveitarstjórn.

Fleira ekki gert

Fundi slitið 13:15